

# Málþing í minningu Björns Guðfinnssonar

---

Sjálf mín(s) sök?

Eiríkur Rögnvaldsson, 29. október 2005

# Rétt eða rangt?

---

- **Sjálfs mín sök**

- Spurt er hvort réttara sé að segja **sjálfs sín** eða *sjálfs síns*. Ég tel að sjálfs mín sök sé rétt, vegna þess að þetta er sök mín (sjálfs) (ekki sök míns), alveg eins og sök þín (sjálfs) og þá væntanlega líka sök sín (sjálfs), því enginn er dómari í sjálfs sín sök.

- Sverrir Páll Erlendsson, 7. apríl 2005

- <http://www.ma.is/kenn/svp/pistlar/april05.htm>

# Eignarfornafn hliðstætt nafnorði

---

- stjórnari himintunglanna, sá er stilla mundi gang þeirra [að [[vilja **sínum**] **sjálfs**]] (*Gylfaginning*)
- Páll Kolbeinsson og þeir menn er með honum voru höfðu eigi ránsfé og voru [á [[**sínum** kosti] **sjálfra**]] (*Íslendinga saga*, s. 643)
- og reistu her í móti honum og felldu hann [á [[eigu **sinni**] **sjálfs**]] (*Haralds saga Sigurðarsonar*, s. 692)
- En annað ráð munum vér taka en [brenna [[land **vort**] **sjálfra**]] (*Fóstbræðra saga*, s. 840)

# Fritzner segir:

---

- Istedetfor at sætte Pron. *sínn* i samme Kasus som Substantivet, som derved skal betegnes som en tilhørende, sættes det stundom i Gen. (Neutr.?) som styret af dette Substantiv, [...] *er þat mítt ráð, at vér skilimk hér, ok fari [þér] síns veg hverr Mork. 512.*
- Denne Anvendelse af *síns* er vistnok Oprindelsen til Konstruktionen *sjalfs síns* (dvs. sin egen), f. Ex. *minni sjalfs síns* istedetfor, hvad man heller skulde vente, *minni sjalfs sítt*; medens en Misforstaaelse af denne Konstruktions Oprindelse og rette Mening har givet Anledning til Udtryksmaader som *sjalfrar sínnar* o. s. v. (Fritzner III, s. 246)

# Eignarfornafn hliðstætt *sjálfur*

---

- og veitti hann Þorvarði mikið lið [með [[**sjálfs síns**] framkvæmd]] og rösklegri framgöngu (*Þorgils saga skarða*, s. 701-2)
- Tel eg bræður þína hafa fallið ógilda [á [[**sjálfra sinna**] verkum]] (*Egils saga*, s. 470)
- Sjáum hvað oss hæfir, að drepa eigi [héraðsmenn [**vorra sjálfra**]] og þingmenn (*Vatnsdæla saga*, s. 1901)
- þú varð seld frá honum brott [með [[**sjálfrar þinnar**] syndum]] (*Heilagra manna sögur* I, s. 463)

# Eignarfornafn í stað persónufornafns

---

- Som man ogsaa i andre Tilfælde i Forbindelse med *sjalfs* har sat Gen. af det possessive Pronomens Neutrum brugt substantivisk [...] istedetfor Gen. af det tilsvarende personlige Pronomen [...] (Fritzner III, s. 261)
- að ekki hefðir þú sigrað mig ef þú [kk.] [nytir engis að nema [**sjálfs þíns**]] (*Þorvalds þáttur tasalda*, s. 2320)
- og þó þeir einir að nauðsyn heldur til að hver [gæti [**sjálfs síns**]] (*Bandamanna saga*, s. 10)

# Persónufornafn í stað eignarfornamefns

---

- er þú [kk.] dregur fram hluta mörlandans en svívirðir [[sjálfs þín] menn] (*Gull-Ásu-Þórðar þáttur*, s. 2131)
- Sú er fleiri manna sögn að Magnús færi að [[sjálfs sín] vilja] (*Saga Inga konungs og bræðra hans*, s. 765)
- Virð þú [kk.] til elsku mína og [manndóm [sjálfs þín]], að þú hefnir föður míns (*Sörla saga sterka*)
- Er nú vel, að hann gjaldi [einræðis [sjálfs sín]] (*Hrólfs saga Gautrekssonar*)

# 16.-19. öld: *sjálfs síns*

---

- Og er Pétur kom til **sjálfs síns** sagði hann (1540)
- **sjálfs míns** geymir syndugt hreysi (1612)
- **sjálfs míns** verðskuldan sé ég hér (1661)
- strax sem maður kemur til **sjálfs síns** (1729)
- eftir **sjálfs síns** og þeirra vild (um 1785)
- þá, sem ekki hafa gras og eru **sjálfs síns** (um 1800)
- kom hann þá fljótt til **sjálfs síns** (1862-64)
- vertu ekki eldur í **sjálfs þíns** fé. Láttu ekki girndir **sjálfs þín** hafa af þér ólöglega (1894)

# Frá miðri 19. öld: *sjálfs sín*

---

- afbrýðisemin kom honum fljótt til **sjálfs sín** (1860)
- og svo verður það náttúrlega allt of gott til að vera vinnuhjú, og allt verður **sjálfs sín** (1885)
- Hann varð nú maður **sjálfs sín** að mestu leyti (1892)
- Varla er þessi veröld enn til hálfis / vöknuð enn og komin til **sín sjálfs** (19s)
- Hann kom til **sjálfs sín** við það að sjá föður hennar úti á mölinni (20f)
- En þá gerðist hann **sjálfs sín** maður (um 1920)

# Jakob Jóh. Smári segir:

---

- [...] þegar í fornísl. gat fornafnið lagað sig eftir »sjálfur« í kyni, tölu og falli (t.d. sá er kirkju lét gera af sjálfs síns fé, með höndum sjálfra sinna); þessi villa færðist síðan inn í eignarf. persónufornafnanna (t.d. koma til sjálfs síns, sjálfrar sinnar) og er nú algeng í tali, ásamt þeirri villu, að eignarfornafnið breytir tölunni í sjálfur (t.d. þeir komu til sjálfs síns, f. þeir komu til sjálfra sín). (s. 120)

# Karlkyn – *sín/síns*

---

- **sjálfs mín/þín/sín – 1919 (404/596/919)**
  - Höfundur hefur einkarétt til að gefa út safn af **sjálfs sín** framlagi til umræðna
  - Það er litið svo á að hver þátttakandi sé fulltrúi **sjálfs sín**
- **sjálfs míns/þíns/síns – 1629 (578/548/503)**
  - Decartes fann veruleikann og líka vissuna um veruleika Guðs í hugskoti **sjálfs síns**
  - að hann var farinn að hjálpa öðrum **sjálfs síns** vegna en ekki annarra

# Kvenkyn – *sín/sinnar/síns*

---

- **sjálfrar mín/þín/sín – 878 (245/321/312)**
  - Auðvitað hlýtur Ríkisendurskoðun að endurskoða rekstur **sjálfrar sín** fyrir sig
- **sjálfrar minnar/þinnar/sinnar – 41 (21/2/18)**
  - Hún segir frá Önnu sem segir sögu **sjálfrar sinnar** og sögu ömmu sinnar, Hönnu
- **sjálfrar míns/þíns/síns – 22 (8/0/14)**
  - bókin er eftir Margit Sandemo og hún vann hana út frá sögum annarra og **sjálfrar síns**

# Fleirtala – *sín/sinna/síns*

---

- **sjálfra sín - 271**

- og þeir eru ekki fulltrúar annarra en **sjálfra sín**
- að vekja löngun hjá félagsmönnum til að vinna að frelsi, framförum og heill **sjálfra sín**

- **sjálfra sinna - 33**

- en að þær hafi ekki gildi **sjálfra sinna** vegna

- **sjálfra síns – 4**

- Stefnt er að því að nemendur hugleiði hverjir þeir eru í augum **sjálfra síns** og annarra

# Tíðni ýmissa sambanda

---

• Samband	Google	Mbl.
– sjálfrar minnar/þinnar/sinnar	41	2
– sjálfrar mín/þín/sín	878	148
– sjálfrar míns/þíns/síns	22	1
– sjálfs mín/þín/sín	1919	807
– sjálfs míns/þíns/síns	1629	158
– sjálfra sín	271	210
– sjálfra minna/þinna/sinna	33	1
– sjálfra síns	4	0

# Eignarfornafn hliðstætt við *sjálfrar*

---

- Heima spurði fólk hví kirkjan legði meira upp úr ímynduðu þúsund ára afmæli **sinnar sjálfrar**
- Auðvitað get ég [kvk.] ekki talað fyrir hönd neinna annarra en **minnar sjálfrar**
- ég [kvk.] er víst ekki í skólanum á föstudögum vegna góðmennsku **sjálfrar minnar**
- og þess vegna bara breyttist afstaða mín [kvk.] til **minnar sjálfrar**
- hernaðaruppbyggingin sjálfrar sinnar vegna er aðalatriðið

# Kk. et. með *sjálfrar/sjálfra*

---

- Þetta er svona afmælisgjöf til **sjálfrar míns**
- Ég [kvk.] sendi þá bara kveðju til **sjálfrar míns**
- Sjálf geri ég þær kröfur til **sjálfrar míns** að koma til dyranna eins og ég er klædd
- hún [...] gerir miklar og oft á tíðum óraunhæfar kröfur til **sjálfrar síns**
- að þeir sannfærast um að þau svör sem þeir varpa til **sjálfra síns** séu svör komin frá Guði
- Stuðningsmenn Þórs [...] verða **sjálfra síns** vegna, liðsins og alls félagsins að standa heilshugar ...

# *sjálfra sinna* á 19. öld

---

- [Úr dómi yfirdóms:] Eptir réttarvenju þeirri, sem nú gengr um allt land og lengi hefir gengið, eru leiguliðar skyldir að við halda á sjálfra sinna [sic] kostnað kúgildum þeim, er ábýlisjörðum þeirra fylgja [...] (*Þjóðólfur* 6. sept. 1862, s. 152)
- [Ritstjóri Þjóðólfs] hefur þar fengið sjer tvö orðatiltæki í dóminum til að hæðast að, annað þessara orðatiltækja er, að í dóminum stendur: »sjálfra sinna«, sem með öllu er rjettmæli og tíðkanlegt í daglegu tali t.a.m. »sjálfra sinna vegna«, þó herra lögfræðingurinn ekki virðist vita það, því hann væri annars ekki að hæðast að því [...] (*Íslendingur* 12. sept. 1862, s. 67)

# Ósamræmi *sjálfs* og undanfara

---

- að konan fæði í **sjálfs síns** rúmi (1846)
- Kristrún í Hamravík bar einnig höfuðið hátt fyrir **sjálfs síns** hönd
- Hún gerði fyrst kröfur til **sjálfs sín** og síðan til annarra
- alla kvenmenn þá sem **sjálfs sín** eru (1902)
- þær eru í Sameinuðu þjóðunum ekki sem fulltrúar **sjálfs sín** heldur þjóða sinna
- Menn eiga að verða **sjálfs síns** herrar en jafnframt hjálpa þeim sem er hjálpar þörf

# Notkun orðasambandanna

---

- **sjálf\* ?ín**
  - sjálfs sín/mín/þín
  - sjálfrar sín/mín/þín
  - sjálfra sín/mín/þín

mjög algengt  
alltaf; síður í kvk. og ft.  
venjulegasta form kvk.  
venjulegasta form ft.
- **sjálf\* ?íns**
  - sjálfs síns/míns/þíns
  - sjálfrar síns/míns/þíns
  - sjálfra síns/míns/þíns

mjög algengt  
alltaf; síður í kvk. og ft.  
sjaldgæft  
mjög sjaldgæft
- **sjálf\* ?innar/?inna**

sjaldgæft

# Hvað er kennt?

---

- Jakob Jóh. Smári: *Íslenzk setningafræði*
  - [...] reglan í nýisl. ritmáli er sú, að nota eignarfall af »sjálfur« í rétttri tölu og eignarfall persónufornafnsins, en ekki eignarfor nafn (t.d. stela úr sjálfs sín hendi, eg kom til sjálfs mín aftur, hún kom til sjálfrar sín, þeir gæta sjálfra sín, kraftur sjálfra vor o.s.frv.) (s. 120)
- Málvarsbanki Íslenskrar málstöðvar:
  - Rétt er að segja að einhver sé **sjálfs sín herra** en ekki "sjálfs síns herra". <http://www.ismal.hi.is/malfar/>

# Rétt eða rangt – hugsanleg viðmið

---

- Aldur
  - *í sjálfs sinni sök* – *í sjálfs síns sök* – *í sjálfs sín sök*
- Hefð
  - *í sjálfs síns sök* – *í sjálfs sín sök*
- Tíðni
  - *í sjálfs sín sök* – *í sjálfs síns sök*
- Kennsla
  - *í sjálfs sín sök*

# Niðurstaða

---

- **sjálf\* ?ín(s)**
  - *sjálfs/sjálfrar/sjálfra sín(s)/mín(s)/þín(s)*
- Sérstakt tvíyrt fornafn
  - hagar sér öðruvísi en bæði *sjálfur* og *sinn/sín*
- En hvað er þá „rétt“?
  - því svarar hver fyrir sig
  - ég mæli með *sjálfs síns, sjálfs/sjálfrar/sjálfra sín*